

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur og auk þess er:

	kr.
gjald á sædda kú í skýrsluhaldi:	800
gjald á sædda kú utan skýrsluhalds:	1.600
gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla:	3.800
viðbótargjald á holdnautasæðingu:	700

2. gr.

Sérhæfð þjónusta:

ómsjármælingar og stigun á sauðfé og skoðun á sláturhæfni nautgripa, tímagjald pr. mann:	1.500
ýmiss konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta við einstaklinga, s.s. áætlanagerðir, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni sem falla undir lögin, tímagjald pr. mann:	2.500

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2003.